

Anni Haugen
2015

Viðtal tekið fyrir verkefnið Öldin hennar
Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir
Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir & Margrét Jónasdóttir
© Krumma films ehf.

Anni Haugen, lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Ég kalla þig hingað til þess að ræða og leiða mig aðeins í ljós sögu þess sem að tengist tæknifrjógvunum. Þ.e.a.s. því sem að lýtur að tæknifrjógvunum lesbía. Geturðu aðeins sagt mér frá, kannski bara, byrjum kannski á ef þú ert með einhver, þú veist nú er ég að skoða þessa sögu, þetta snýst svo mikið um að hafa burði til þess að ala upp börn, burði til þess svona í stóra samhenginu, þú veist konur lenda í hremmingum vegna þess að það eru ekki til nógir peningar, þær eiga of mikið af börnum og svo koma þú veist einhverjar lesbíur og, eins og ég man þetta á áttunda og níunda áratugnum að þá var það kannski frelsið að þurfa ekki að eignast börn en svo kemur þessi hreyfing á, sem að vill fá að eignast börn og, geturðu aðeins sagt mér.....

Já kannski svona, í framhaldi af lögum um staðfesta samvist þá verður þetta kannski svona einhver raunveruleiki að samkynhneigðir geti stofnað fjölskyldu og verið í svona, já verið, stofnað sína fjölskyldu. Og það dettur fljótlega eða eðlilega veruð það fljótlega hugsunin um það að þá á að vera pláss fyrir börnin. Hvernig koma þau? Og að sjálfsögðu áttu lesbíur á þessum tíma fullt af börnum sem þær höfðu bara eignast í gagnkynhneigðri sambúð eða hjónabandi eða hvernig sem það var þannig að það var fullt af börnum. En svo var það þetta spurning um að eignast barn saman. Og það er náttúrulega eitthvað sem að flestir gagnkynhneigðir og samkynhneigðir óska þegar að þeir fara í sambúð að þá kemur þessi spurning mjög oft upp. Og þarna í, rétt fyrir aldamótin, eftir '96 þegar lögin komu um staðfesta samvist þá verður þetta náttúrulega þannig að margir reyna að fara til útlanda. Í Danmörku var hægt að, gátu einstæðar konur og lesbískar farið í tæknifrjógvun og það fara að fæðast börn sem verða til á þennan hátt en um leið verður talsvert óöryggi um þeirra réttarstöðu, þ.e.a.s. réttarstöðu þeirrar konu sem að ekki gekk með barnið. Og um leið þá undirstrikaði þetta auðvitað líka ákveðinn ójöfnuð. Það voru ekkert allir sem að höfðu möguleika á að fara til Danmerkur o.s.frv. þannig að umræðan hér verður miklu öflugri um það, um réttinn til að eignast börn og kannski ekki bara réttinn til þess að eignast börn heldur að það sama gildi um lesbísk sambönd og gagnkynhneigð sambönd. Það var nú kannski það sem að kannski fyrst og fremst baráttan stóð um.

Síðan kemst hreyfing á þessi mál. Löggjöfin eða Alþingi kallar eftir, setur nefnd um málið.

Segðu mér aðeins frá nefndinni og hvað nefndin var að vinna og, og síðan þá í framhaldi um tæknifrjógungarfrumvarp.

Já 2003 þá skipaði forsætisráðherra nefnd til þess að skoða réttarstöðu samkynhneigðra og þá sérstaklega að skoða réttarstöðu þeirra miðað við gagnkynhneigða. Og í þessari nefnd voru sex fulltrúar, fulltrúar fjögurra ráðuneyta, Samtakanna sjötíu..., og Samtakanna '78. Og síðan var formaður sem að kom Forsætisráðuneytinu. Og nefndin hóf störf haustið 2003 og skoðaði mjög margt sem að varðaði réttarstöðu, þá sérstaklega með áherslu á rétt samkynhneigðra til að skrá sig í sambúð, sá möguleiki hafði ekki verið til. Það voru lög um staðfesta samvist en ekki neitt um möguleikann að skrá sig í sambúð. Það að geta skráð sig í sambúð á þeim tíma eins og gagnkynhneigðir gerðu. Það veitti ýmis réttindi annarstaðar í kerfinu og var ákveðin viðurkenning á því sambýlis, sambýlisformi. Þannig að þetta var svona annar aðal fókussinn og hitt var með samkynhneigða og börn. Og það snerist þá bæði um rétt samkynhneigðra til að ættleiða börn og svo aftur rétt samkynhneigðra til, til að fara í tæknifrjógungun. Og til þess að skoða þetta þá var nú talað við marga sérfræðinga, bæði innan heilbrigðiskerfisins, það voru skoðaðar rannsóknir, það voru kallaðir til sérfræðingar um málefni barna á einn eða annan hátt og að lokum komist að ákveðinni niðurstöðu sem var þó þannig að fulltrúar nefndarinnar, klofnuðu, eða nefndin klofnaði í tvennt. Það voru þrír fulltrúar sem að töldu að það væri ekki rétt að lesbískar konur gætu farið í tæknifrjógungun. Og rök sem að voru kannski mest áberandi var það að börn ættu rétt á að vita um uppruna sinn. Og barn sem að getið er með tæknifrjógungun hefur ekki möguleika á því þar sem almennt er gjafasæði fengið frá Danmörku og þar er nafnleynd gagnvart þeim sem að gefa sæði. Nú hinn hluti nefndarinnar taldi að það væru lítil rök fyrir því að lesbískar konur gætu ekki farið tæknifrjógungun. Það gildi það sama um gagnkynhneigð pör sem að fóru í tæknifrjógungun, þau börn gátu ekki haft upp á eða vitað um faðerni sitt þannig að rökin féllu svolítið um sjálf sig. Nú það að við höfðum ýmsar rannsóknir sem að við gátum skoðað, sýndi að samkynhneigðir eru alveg jafn vel fallnir til þess að ala upp börn og gagnkynhneigðir, það munar, það eru engar rannsóknir sem að sýna annað og þetta væri ákveðið jafnréttismál. Með því að skoða þetta að lesbískar konur gætu farið í tæknifrjógungun þá um leið opnast kannski möguleiki líka fyrir einstæðar konur að fara í tæknifrjógungun en í lögum um tæknifrjógungun var mjög skýrt tekið fram að til þess að geta gert það þá þyrfti að vera sem sagt kona sem að væri í sambúð með karli. Og svona í stuttu máli varð niðurstaðan sú að nokkru seinna þá kom fram frumvarp sem að byggði á tillögum

þessarar nefndar um ýmis málefni, ættleiðingar, réttindi á vinnumarkaði, réttindi til að skrá sig í sambúð o.s.frv. en líka frumvarp varðandi breytingar á þáverandi lögum um tæknifrjóvgun sem heimilaði lesbískum konum að fara í tæknifrjóvgun og þá einstæðar konur á sama tíma.

Hefurðu eitthvað fylgst með konum á Íslandi sem að hafa nýtt sér þetta og hvernig gengur lesbíunum að ala upp börn?

Á sínum tíma, áður en þessi lagabreyting varð þá fylgdist ég svolítið með börnum sem að urðu til við tækni, tæknifrjóvgun annað hvort í Danmörku eða á einhvern annan hátt. Og það tengdist þá mikið sem sagt réttindamálum þeirra barna eða, eða þeirrar konu sem að ekki gekk með barnið og þá fylgdist ég vel með því og sá að þessi börn blómstruðu og döfnuðu og núna sé ég fullt af lesbium með börn sem að ég veit ekkert hvernig hafa orðið til en börnin, börnunum líður almennt vel. Ég held það sé enginn munur á því og börn gagnkynhneigðra. Ef þau fá ást og umönnun og alúð þá, þá líður þeim vel. Og lesbískar konur þær eru góðar í þessu.

Glæsilegt. Mig minnti að fyrst hefðu verið ákvæði um það að þær lesbíur sem að vildu fara í tæknifrjóvgun yrðu að vera í sambúð eða staðfestri samvist.

Þær urðu að, ákvæðið var, sem sagt sú breyting sem að var gerð á tæknifrjóvgunarlögunum var það að það var tekið út, það var hætt að vera kyngreint, bara einstaklingar í sambúð sem að varð að hafa varað í, þrjú ár ef ég man rétt og það voru bara sömu ákvæði og giltu um gagnkynhneigða. Sem sagt breytingarnar þær lutu að því að það væru alveg sömu forsendur. Það þýddi meðal annars að það átti sko, átti að ganga úr skugga um að væntanlegir foreldrar gætu gefið þessu barni öryggi og félagslegar aðstæður þeirra væru þannig að þau hefðu möguleika á að ala upp börn. Þannig að það urðu bara sömu ákvæðin.

Var svo einhver breytingartillaga síðar sem að gerði þessum einstæðu konum kleift að, ég þori ekki að fara með það...

En það er sama sko, þessi könnun á aðstæðum þeirra.

Þegar að þú varðst vör við þessi, þessi rök í nefndinni, hvernig leið þér? Ég meina, dálítið sérstakt.

Að sumu leyti var það sérstakt en kannski, þetta voru rök sem að komu ekkert á óvart á þeim tíma. Við vorum í þessu andrúmslofti og það voru heilmiklar vangaveltur um það sko hvað þýðir það að samkynhneigðir eru með börnum og það var fullt af hugmyndum um það hvernig þeir væru og, og þetta var svona endurómur af því. Þannig að formaður nefndarinnar ásamt fulltrúa Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og Heilbrigðisráðuneytisins voru sem sagt á móti þessari hugmynd á meðan Menntamálaráðuneytið, Félagsmálaráðuneytið og svo fulltrúi Samtakanna '78 þau voru fylgjandi þessu. Og þetta voru kannski sömu átökin og áttu sér stað annarsstaðar í herna kerfinu. Og á þessum tíma, Svíar voru að vinna að breytingum á sinni löggjöf á þessum tíma meðan Danir og Norðmenn voru ekki hlynntir þessu. Þannig að það var ekki bara hér á landi sem að þessi umræða fór fram heldur alla vega hér á Norðurlöndunum öllum.

[...]